„Aðeins sýnishorn af listiðn íslenskra kvenna“

Á „SÝNINGUNNI „Listiðn íslenskra kvenna“ sem lýkur á Kjarvalsstöðum í dag, eru verk eftir 36 íslenskar listakonur. Langflest af því sem sýnt er er unnið í nútímanum af nútíma listakonum en þó eru þar nokkur verk eftir listakonur sem nú eru látnar og einnig eftir núlifandi eldri konur sem enn vinna að list sinni.

Litið inn á sýningu á listiðn íslenskra kvenna og rætt við formann sýningarnefndar, Guðrúnu S. Jónsdóttur


Öndvegi sýningarinnar skipa ofin teppi eftir Vigdísi Kristjánsdóttur og ber þar hæst teppið Landnám sem Bandalag kvenna gaf Reykjavíkurborg árið 1961 og hangir það í Borgarstjórnarsalnum í Skúlatúni 2.

Auk teppa Vigdísar eru á sýningunni fleiri ofin teppi eftir nútíma listakonur. Keramik er einnig í hávegum haft og sýna 4 listakonur verk úr keramiki og aðra leirkerasmíði.

Þau verk sem einna mesta eftirtekt hafa vakið á sýningunni eru gerð af systrunum Þórunni og Helgu Egilson en þar er um að ræða ýmsa handunna muni.

Eins og áður hefur komið fram eru flest verkanna eftir nútímalistakonur og má sem dæmi nefna að á sýningunni má sjá gull- og silfursmíðar eftir ungar konur sem nýlega hafa lokið námi í þeirri iðn.

Þá er einnig mikið um fatnað úr ull meðal sýningarmuna, svo sem sérhannaðar lopapeysur gerðar af Huldu Jósefsdóttur og aðrar flíkur úr lopa. Einnig eru þar handprjónaðir kjólar og batikkjólar og sýning á þjóðbúningunum á vegum Þjóðdansafélags Reykjavíkur.



Tvö veggteppa Vigdísar Kristjánsdóttur. Til hægri er teppið „Landnám“. Ljósm. Emilia.



Handprjónaðir kjólar. Þessir munir eru eftir Aðalbjörgu Jónsdóttur og Jóhönnu Hjaltadóttur.

„Undirstaðan er ullin“

„Þetta er alls ekki yfirlitssýning sem hér er um að ræða,“ sagði Guðrún S. Jónsdóttir formaður sýningarnefndar bandalags kvenna í Reykjavík.


„Það er til svo gífurlegt magn af listiðn eftir íslenskar konur að hér er aðeins um sýnishorn að ræða.

Guðrún sagði að sýningin hefði gengið framar öllum vonum.


„Nú hafa hátt á fjórða þúsund manns séð sýninguna og er það langt umfram það sem ég þorði að láta mig dreyma um þótt bjartsýn væri. Við eigum Gunnari Björnssyni sem setti sýninguna upp fyrir okkur mikið að þakka, þar sem uppsetning hans hefur ekki síst stuðlað að velgengni sýningarinnar.“

— Hver er undirstaðan í listiðn íslenskra kvenna?

„Undirstaðan hlýtur að vera ullin og ullarvinnan. Á tímabili virtist þessi list vera á undanhaldi en hefur síðan unnið mikið á. Nú eru það margir sem hafa áhuga bæði á að vinna listaverk úr ullinni og eins eru þeir margir sem kunna að meta þá list.



Guðrún S. Jónsdóttir formaður sýningarnefndarinnar er hér við muni sem systurnar Helga og Þórunn Egilson hafa gert. Munir þessir hafa vakið mikla athygli á sýningunni.



Fjórar listakonur sýna muni úr keramik.

— Að lokum, er listiðn kvenna frábrugðin karlmanna?

„Það held ég alls ekki. Okkur fannst meira gaman að hafa aðeins sýningu með verkum eftir konur, svona rétt til að láta þær njóta sín. Það hefði einnig orðið of umfangsmikið að hafa verk karlmannanna með,“ sagði Guðrún.

Hjúkrunarfólkið væntanlegt heim frá Thailandi

ÍSLENZKA hjúkrunarfólkið, sem davlið hefur í Thailandi í tæplega þrjá mánuði, lýkur stöfum sínum þar næstkomandi fimmtudag og er væntanlegt heim fljótlega upp úr því. Fleiri íslenzkir hjálparhópar verða ekki sendir til Thailands á þessu stigi a.m.k. Dregið hefur verið úr hjálparstarfinu í Thailandi og skipulagi þess breytt.

Útsýn býður besta dvalarstaðinn á Ítalíu

Lignano Sabbiadoro Gullnu ströndina


Bjartar og rúmgóðar íbúðir í — Luna Residence — alveg við ströndina.

Hvítasunnuferð 24. maí — 3 vikur
Verð frá kr. 297.100.-

Vikulegar brottfarir laugardaga.
Frá 14. júní — morgunflug.
Verð 251.400.-

Tryggið ykkur réttu ferðina tímanlega.

Þú getur neytt gómsætra rétta og vína á gjafverði — farið í skemmtilegar og heillandi kynnisferðir undir leiðsögn ísl. fararstjóra Útsýnar til Feneyja, Flórens, Gardavatns, Dolomíta-alpanna, Júgóslavíu og Austurríkis og gert ótrúleg reifarakaup (t.d. skór, hvers kyns leðurvörur, tískuvörur, kristall listmunir) milli þess sem þú sólar þig á bestu baðströnd Evrópu Gullnu ströndinni — Lignano



Ferðaskrifstofan ÚTSÝN

Austurstræti 17, Símar 26611 og 20100.